



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 32/2015

**Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu
fyrir Hraðbrautarsambönd á markaði
fyrir stofnlínuhluta leigulína
(áður markaður 14)**

22. desember 2015



EFNISYFIRLIT

Bls.

1	Inngangur	3
1.1	Ákvörðun PFS nr. 21/2015	3
1.2	Ákvörðun PFS nr. 24/2015	3
1.3	Bréfaskipti milli PFS og Mílu	4
2	Niðurstaða PFS	5
2.1	Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC)	5
2.1.1	Kostnaðargreining Mílu	5
2.1.2	Afstaða PFS	5
2.2	Rekstrarkostnaður	7
2.2.1	Kostnaðargreining Mílu	7
2.2.2	Afstaða PFS	7
2.3	Fjárfestingarkostnaður	8
2.3.1	Kostnaðargreining Mílu	8
2.3.2	Afstaða PFS	8
2.4	Stofngjöld	9
2.5	Fjöldi sambanda	9
2.6	Niðurstaða um gjaldskrá fyrir Hraðbrautir	9



1 Inngangur

Gjaldskrá Mílu ehf. (Mílu) fyrir Hraðbrautir sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 21/2015, dags. 12. ágúst 2015.

Þær vörur sem verðskrá Mílu nær til tilheyra markaði fyrir stofnlínuhluta leigulína sem er markaður nr. 14 samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2004.

Ákvörðun þessi kemur í stað ákvörðunar PFS nr. 24/2015 varðandi endurskoðun á gjaldskrá Mílu fyrir Hraðbrautarsambönd.

PFS samþykkir beiðni Mílu um að verð fyrir 1 Gb/s Hraðbrautir verði áfram 95 þúsund kr./mán. og verð fyrir 10 Gb/s Hraðbrautir verði 120 þúsund kr./mán. Þá gerir PFS ekki athugasemd við beiðni Mílu um að bjóða 100 Gb/s Hraðbrautir milli tiltekinna staða og að samningar um 100 Gb/s Hraðbrautir verði bundnir í 3 ár. Samkvæmt útreikningum Mílu á kostnaði, mun leiguverð 100 Gb/s Hraðbrauta verða 655 þúsund á mánuði.

Frumdrög að ákvörðun voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar þann 19. október 2015 og lauk samráðinu þann 9. nóvember. Engar athugasemdir bárust.

Drög að ákvörðuninni, voru send til ESA og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs þann 23. nóvember sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Þann 21. desember sl. barst álit ESA og fylgir það með í viðauka I. ESA gerði ekki efnislegar athugasemdir við ákvörðunardrögin og því er niðurstaða PFS varðandi gjaldskrá Mílu óbreytt frá því sem fram kom í ákvörðunardrögum stofnunarinnar sem send voru í samráð til ESA.

Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu PFS.

1.1 Ákvörðun PFS nr. 21/2015

Með ákvörðun PFS nr. 21/2015, dags. 12. ágúst 2015, útnefndi PFS Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir stofnlínuhluta leigulína.

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Mílu um að gjaldskrá vegna heildsöluþjónustu fyrir stofnlínuhluta leigulína fyrirtækisins væri kostnaðarviðmiðuð. Samkvæmt ákvörðuninni falla Hraðbrautir undir verðkvöð Mílu á þessum markaði. Við ákvörðun verðs fyrir stofnlínuhluta leigulína skal beita kostnaðargreiningaraðferð sem byggir á sögulegum kostnaði sem er heimfærður á viðkomandi þjónustur (HCA FAC). Þó skal taka mið af endurstofnverði rekstrarfjármuna við mat á fjárfestingarstofni.

Við framkvæmd kostnaðargreiningar skal Míla byggja á IV. kafla reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, s.s. um mat rekstrarfjármuna, líftíma og ávöxtunarkröfu.

1.2 Ákvörðun PFS nr. 24/2015

Ákvörðun PFS nr. 25/2015, dags. 12. ágúst 2015, varðandi endurskoðun á gjaldskrá Mílu fyrir Hraðbrautarsambönd kom í kjölfar kostnaðargreiningar Mílu á Hraðbrautarsamböndum.



Niðurstaða kostnaðargreiningarinnar var að leigugjald fyrir 1 Gb/s Hraðbraut yrði óbreytt 95 þús. kr. á mánuði, en leigugjald fyrir 10 Gb/s Hraðbraut skildi hækka úr 120 þúsund kr. í 160 þúsund kr. á mánuði. Stofngjald fyrir Hraðbrautarsamband hélst óbreytt 107 þús. kr. á tengingu. Samkvæmt ákvörðuninni var gildistaka þessarar hækkunar á 10 Gb/s Hraðbrautarsamböndum 1. október 2015.

Kostnaðargreining Mílu var upphaflega lögð fram í október 2013 og byggði á fjárfestingum og áætluðum rekstrarkostnaði Hraðbrauta frá árinu 2010 fram til júní 2013. Míla uppfærði kostnaðargreiningu sína í október 2014 þar sem tekið var tillit til fjölgunar á Hraðbrautasamböndum sem var orðin á þeim tíma sem og viðbótafjárfestinga því tengdu o.fl.

1.3 Bréfaskipti milli PFS og Mílu

Þann **11. september 2015** lagði Míla fram nýja kostnaðargreiningu á Hraðbrautum. Míla óskaði eftir því að PFS myndi heimila Mílu að falla frá verðhækkun á Hraðbrautum með gagnaflutningshraða 10 Gb/s sem taka ætti gildi þann 1. október n.k. að öllu óbreyttu. Ástæðan væri sú að forsendur fyrir útreiknuðu verði hefðu breyst á síðustu mánuðum:

- Á síðustu misserum hafi búnaðinum sem í upphafi var keyptur verið skipt út en hann væri af annarri tegund en sá sem nú væri í notkun
- Verð á búnaði hafi lækkað töluvert
- Hraðbrautum með gagnaflutningshraðanum 10 Gb/s hefði fjölgað

Enn fremur tilkynnti Míla um þá fyrirætlan að bjóða Hraðbrautir milli tiltekinna staða með 100 Gb/s gagnaflutningshraða. Samböndin verði afhent sem 1 x 100 Gb/s eða 10 x10 Gb/s.

Þá kom fram hjá Mílu að uppbygging kostnaðargreiningarinnar væri í meginatriðum sú sama og sú kostnaðargreining á Hraðbrautum sem PFS hefði byggt síðustu ákvörðun á. Þar sem ný verðskrá myndi taka gildi þann 1. október n.k. óskaði Míla eftir því að PFS myndi hraða yfirferð sinni á kostnaðargreiningunni á 1 Gb/s og 10 Gb/s Hraðbrautum og tæki bráðabirgðaákvörðun varðandi þær svo ekki þyrfti að koma til verðhækkunar. Ekki væri óskað eftir flýtimeðferð á kostnaðargreiningunni á 100 Gb/s.

Á tímabilinu **17. september til 1. október 2015** áttu Míla og PFS í nokkrum bréfaskiptum varðandi fjárfestingarstofn, rekstrarkostnað, heimfærslu kostnaðar, fjölda Hraðbrauta og tilhögum 100 Gb/s Hraðbrauta.

Þann **1. október 2015** sendi PFS boðunarbréf til Mílu þar sem fram kom að stofnunin hygðist hafna beiðni Mílu um bráðabirgðaákvörðun þess efnis að félaginu væri heimilt að falla frá verðhækkun þeirri á 10 Gb/s Hraðbrautarsambönd sem kveðið var á um í ákvörðun PFS nr. 24/2015 og gildi átti að taka frá og með 1. október 2015.

Þann **5. október 2015** lagði Míla fram nýja kostnaðargreiningu. Í þeirri greiningu var tekið tillit til þeirra breytinga sem verða ef 100 Gb/s Hraðbrautir verða boðnar til sölu og áhrif þess á kostnað 1 og 10 Gb/s Hraðbrauta. Míla óskaði eftir því að mánaðarverð fyrir 1 Gb/s Hraðbrautir myndu áfram vera 95 þúsund kr./mán. og að mánaðarverð fyrir 10 Gb/s Hraðbrautir yrði 120 þúsund kr./mán. Míla lagði síðan fram leiðréttu greiningu þann 7. október sl. og er það sú greining sem niðurstöður PFS miða við.

2 Niðurstaða PFS

Í köflunum hér á eftir gefur að líta forsendur og niðurstöðu ákvörðunar PFS í þeirri kostnaðargreiningu, sem hér er til meðferðar. Fjallað er um helstu þætti sem PFS telur mikilvæga sem forsendur fyrir afstöðu stofnunarinnar við útreikning á verðum fyrir Hraðbrautir.

2.1 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC)

2.1.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu dags. 11. september 2015 kom eftirfarandi fram:

„Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) reiknast þannig:

	2014
Áhættulausir vextir.....	2,9%
Skuldaálag.....	3,0%
<i>Kostnaður skulda</i>	<i>5,9%</i>
Markaðsálag.....	5,0%
Óvoguð beta.....	51,0%
Voguð beta.....	73,0%
Eigið fé.....	65,0%
Skuldir/Eigið fé.....	53,8%
Önnur áhætta (alpha).....	0,0%
Skatthlutfall.....	20,0%
<i>Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta</i>	<i>6,54%</i>
<i>Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta</i>	<i>8,2%</i>
WACC fyrir skatta	7,4%

Áhættulausir vextir miðast við meðaltal síðustu 5 ára á verðtryggðum bréfum skuldabréfaflokki HFF1504 2034. Þessi útreikningur er í samræmi við útreikning á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar í öðrum greiningum sem sendar hafa verið PFS. “

2.1.2 Afstaða PFS

Í 16. gr. reglugerð nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja segir að reikna skuli kostnað af stofnfjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu eða þjónustuvöru. Ávöxtun fjármagnsins skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) sem reiknast út frá ávöxtunarkröfu eiginfjár og ávöxtunarkröfu skulda í samræmi við reglugerð nr. 564/2011. CAPM líkanið skal notað við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár og skal krafan endurspeglar tímavirði peninga og áhættu tengda rekstri á viðeigandi markaði. Ávöxtunarkrafa skulda skal reiknuð sem summa áhættulausra vaxta og vaxtaálags, sem endurspeglar eðlilegt álag félaga á markaði. PFS ákvarðar eigi sjaldnar en árlega ávöxtunarkröfu á eigið fé og skuldir (WACC) fyrir einstaka fjarskiptamarkaði út frá markaðsálagi, hagkvæmri skuldsetningu og stöðu veltufjár og –skulda.



Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) miðað við forsendur PFS er sýndur í töflunni hér að neðan.

Ávöxtunarkrafa	2014
Áhættulausir vextir	2,89%
Óvoguð beta	0,51
Voguð beta	0,73
Skuldir/eigið fé	0,54
Markaðsálag	5,00%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	6,54%
Áhættulausir vextir	2,89%
Skuldaálag	3,00%
Kostnaður skulda	5,89%
Vaxtaberandi skuldir %	35%
Eigið fé %	65%
Skatthlutfall	20%
Kostnaður skulda eftir skatta	4,71%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	8,17%
WACC fyrir skatta (pre-tax)	7,4%

Samkvæmt ofangreindu leggur PFS til að miðað verði við 7,4% WACC.

Útreikningar byggðir á gögnum um samanburðarfélög úr Bloomberg gagnaveitunni gefa til kynna að Beta gildi fyrir fjarskiptafyrirtæki liggi á bilinu 0,45-0,57. PFS hefur því ákveðið að miða við gildið 0,51.

PFS telur rétt að miða áhættulausa vexti við ávöxtunarkröfu á HFF 1506 2044 skuldabréfi Íbúðalánsjóðs í stað HFF1504 2034, en bréfin endurspeglar í dag best það greiðsluflæði sem verið er að núvirða, þegar tekið er tillit til lengdar á líftíma.

Hins vegar hefur óvissa ríkt um framtíð Íbúðalánsjóðs undanfarin misseri og hefur að mati greiningaraðila myndast áhættuálag ofan á verðtryggt bréf Íbúðalánsjóðs. Það bendir til þess að ávöxtunarkrafa á HFF skuldabréfaflokka endurspeglar ekki lengur áhættulausa vexti á markaði. Til að meta áhættulausa vexti tekur PFS tillit til leiðréttingar sem nemur metnu „Íbúðarlánsjóðsálagi“ hverju sinni.

Miðað við framangreindar forsendur þá er meðaltal áhættulausra vaxta síðustu fimm ára 2,89%.

Í samræmi við ofangreint er það mat PFS að veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC real) fjarskiptafyrirtækis á Íslandi sé 7,4% fyrir árið 2014 í útreikningum á ávöxtunarkröfu fjármagns sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við þjónustuframboð fyrirtækisins.

Útreikningar Mílu eru í samræmi við þetta mat PFS.



2.2 Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður byggir á áætlun Mílu um viðhaldskostnað og annan rekstrarkostnað sem samanstendur af hýsingu í tækjarýmum, rafmagni og ljósleiðurum.

2.2.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu er rekstrarkostnaður reiknaður á svipaðan hátt og í fyrri greiningu Mílu.

Viðhaldskostnaður er reiknaður sem hlutfall af árgreiðslum fjárfestinga og er miðað við sama hlutfall og í síðustu greiningu, [...] ¹ fyrir 1 og 10 Gb/s Hraðbrautir. [...]

Annar rekstrarkostnaður samanstendur af hýsingu í tækjarýmum, rafmagni og leigu á ljósleiðurum.

Míla reiknar kostnað við hýsingu á þeim stöðum sem Hraðbrautir eru uppsettar. Hér að neðan má sjá yfirlit Mílu yfir húsaleigu vegna Hraðbrauta: [...]

Kostnaður vegna hýsingar [...] er heimfærður á 1, 10 og 100 Gb/s Hraðbrautir en kostnaður vegna hýsingar á öðrum stöðum er heimfærður á 1 og 10 Gb/s Hraðbrautir.

Við ákvörðun kostnaðar vegna leigu á ljósleiðara gerir Míla ráð fyrir sömu burðarlínum og í fyrri greiningu. Eftirfarandi tafla sýnir útreikninga Mílu á kostnaði vegna leigu á ljósleiðara: [...]

Útreikningar á kostnaði vegna ljósleiðara miða við gjaldskrá Mílu sem tók gildi 1. október sl. að teknu tilliti til afslátta sem eru í boði.

[...]

2.2.2 Afstaða PFS

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 21/2015 skal rekstrarkostnaður byggja á síðast liðnu fjárhagsári hverju sinni. Slík nálgun er þó ekki raunhæf þegar um er að ræða alveg nýja vöru eða sem er í örri þróun. Eins og Míla bendir á þá er Hraðbrautin frekar nýleg vara hjá fyrirtækinu og ekki komin mikil reynsla á viðhaldskostnað kerfisins. Míla hefur auk þess á þessum stutta tíma sem varan hefur verið í boði skipt um mikið af búnaði kerfisins. Á sama hátt og í síðustu kostnaðargreiningu á Hraðbrautum hefur Míla því kosið að meta viðhaldskostnað með öðrum hætti en að miða við gjaldfærðan kostnað.

Viðhaldskostnaður er reiknaður sem hlutfall af árgreiðslu og er miðað við sama hlutfall og gert var í síðustu kostnaðargreiningu hvað varðar 1 og 10 Gb/s Hraðbrautir sem og við útreikninga á viðhaldskostnaði vegna Ethernetþjónustu Mílu, sbr. ákvörðun PFS nr. 23/2015. [...]

Auk viðhaldskostnaðar er reiknaður kostnaður við hýsingu í tækjarýmum, rafmagn og leigu á ljósleiðurum. Þessir útreikningar eru í samræmi við útreikninga í síðustu kostnaðargreiningu á Hraðbrautum.

Rekstrarkostnaðurinn er heimfærður á 1, 10 og 100 Gb/s Hraðbrautir á þeim stöðum þar sem það á við en annars á milli 1 og 10 Gb/s Hraðbrauta í samræmi við fjölda tenginga af hvorri gerð.

¹ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.



PFS gerir ekki athugasemd við aðferðafræði Mílu við útreikninga á rekstrarkostnaði. Míla beitir að mestu sömu aðferðafræði og í síðustu greiningu.

2.3 Fjárfestingarkostnaður

Fjárfestingarkostnaður tekur mið af fjárfestingum frá árinu 2010 til júlí 2015 vegna Hraðbrautasambanda en Míla ákvarðar endurstofnverð út frá fjárfestingarkostnaði þessara ára.

2.3.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu kemur fram að á síðustu misserum hafi búnaði sem upphaflega var fjárfest í, [...], verið skipt út og auk þess hafi verið á búnaði lækkað töluvert. Míla kaus því að breyta útreikningum frá síðustu greiningu á þann veg að fjárfestingu í [...] búnaðinum var sleppt í útreikningunum. Míla ákvarðaði endurstofnverð með því að miða verð á öðrum búnaði við síðasta innkaupsverð búnaðar.

Míla miðaði við samskonar flokkun fjárfestingar á milli 1 Gb/s Hraðbrauta og 10 Gb/s Hraðbrauta og gert var í síðustu greiningu. Fjárfestingarkostnaður (efni og vinna) sem sérstaklega var vegna 10 Gb/s sambanda var heimfærður beint á 10 Gb/s og sá fjárfestingarkostnaður sem var fyrir 1 Gb/s sambönd var heimfærður beint á 1 Gb/s.

Kostnaður vegna fjárfestingar sem nýtist sameiginlega með 1 Gb/s Hraðbrautum og 10 Gb/s Hraðbrautum var skipt á milli Hraðbrautanna í samræmi við fjölda sambanda.

[...] Míla miðar við 5 ára líftíma fjárfestingar í 1 og 10 Gb/s Hraðbrautum sem er það sama og miðað var við í síðustu greiningu.

[...] Míla setur það sem skilyrði fyrir leigu á þessum samböndum að gerður verði bundinn samningur til þriggja ára. Míla telur slíkt nauðsynlegt þar sem töluverð áhætta liggja í fjárfestingunni og mögulegir viðskiptavinir fáir. Þá gerir Míla ráð fyrir 4 ára líftíma þessarar fjárfestingar.

2.3.2 Afstaða PFS

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 21/2015 er Mílu heimilt að taka mið af endurstofnverði rekstrarfjármuna og hefur Míla kosið að gera það í þessari kostnaðargreiningu. Ástæðan er töluverð lækkun á verði búnaðar sem notaður er við að veita þessa þjónustu. Að mati Mílu myndi fyrri nálgun við mat á fjárfestingarkostnaði skila of háu leiguverði

Við ákvörðun fjárfestingarkostnaðar reiknar Míla fjárfestingarkostnað á hverja Hraðbraut miðað við núverandi fjölda Hraðbrauta. [...] Miðað við þróun síðustu ára er líklegt að sú fjárfesting sem liggur í búnaði sem ekki verður lengur nýttur af þessum sökum muni nýtast að einhverju leyti á næstu árum þar sem 10 Gb/s Hraðbrautum hefur farið fjölgandi síðustu ár. [...]

Míla áætlað fjárfestingarkostnað 100 Gb/s Hraðbrauta út frá kostnaði á þeim búnaði sem fyrirtækið þarf að fjárfesta í til að bjóða þessi sambönd og gerir ráð fyrir fjárfestingarkostnaði upp á [...] milljón kr. Míla telur 4 ára líftíma hæfilegan fyrir þennan búnað þar sem gera megi ráð fyrir að verð á slíkum búnaði fari stöðugt lækkanði miðað við þróun síðustu ára.

PFS gerir ekki athugasemd við aðferðafræði Mílu við ákvörðun fjárfestingarkostnaðar.

Míla hyggst gera það að skilyrði fyrir leigu á 100 Gb/s Hraðbrautum að gerður verði bundinn samningur til þriggja ára. Míla rökstyður nauðsyn þessa langa binditíma með því að töluverð



áhætta liggja í fjárfestingunni og mögulegir viðskiptavinir séu fáir. Meginreglan varðandi samninga við viðskiptavinina hefur verið sú að viðbótaruppsagnarfrestir hafi ekki verið lengri en 3 mánuðir. PFS gerir ekki athugasemd við þriggja ára binditíma í þessu tilviki í ljósi þeirrar takmörkuðu eftirspurnar sem er um þessa vöru og fjárfestingaráhættu sem henni fylgir.

2.4 Stofngjöld

Tekjur vegna stofngjalda eru dregnar frá fjárfestingarkostnaði. Míla leggur til óbreytt stofngjöld 107 þúsund kr. á hvert samband óháð hraða tenginga.

PFS gerir ekki athugasemd við tillögu Mílu að stofngjöldum. Stofngjöldin eru í samræmi við stofngjöld fyrir leigulínur og Ethernetsambönd sem fyrirtækið býður á þessum markaði.

2.5 Fjöldi sambanda

Fram kom í kostnaðargreiningu Mílu að fjöldi 10 Gb/s Hraðbrauta í júlí 2015 hafi verið [...] og fjöldi 1 Gb/s Hraðbrauta [...].

Í ákvörðun PFS nr. 24/2015 kom fram að 1 Gb/s Hraðbrautir væru [...] og 10 Gb/s Hraðbrautir [...] eða alls [...]

Þar sem útreikningar Mílu miða við að 100 Gb/s Hraðbrautum verði bætt við gerir Míla ráð fyrir að 10 Gb/s Hraðbrautir séu [...], þar sem reikna má með að viðskiptavinir segi upp [...] Gb/s Hraðbrautum þegar keyptar eru 100 Gb/s Hraðbrautir. Miðað við núverandi leigu á Hraðbrautum til viðskiptavina má gera ráð fyrir að 10 Gb/s Hraðbrautum fækki um [...] við tilkomu 100 Gb/s Hraðbrauta.

2.6 Niðurstaða um gjaldskrá fyrir Hraðbrautir

Í eftirfarandi töflu má sjá útreikninga á mánaðargjaldi fyrir Hraðbrautir miðað við ofangreindar forsendur um fjárfestingar, rekstrarkostnað, stofngjöld, WACC, líftíma og fjölda Hraðbrauta:

[...]

Í ljósi þessara niðurstöðu samþykkir PFS beiðni Mílu um að verð fyrir **1 Gb/s Hraðbrautir** verði áfram **95.000 kr./mán.** og verð fyrir **10 Gb/s Hraðbrautir** verði **120.000 kr./mán.**

Þá samþykkir PFS beiðni Mílu um að bjóða 100 Gb/s Hraðbrautir og að samningur um 100 Gb/s Hraðbrautir verði bundinn í 3 ár. Samkvæmt ofangreindum útreikningum er verðið fyrir **100 Gb/s Hraðbrautir** milli Valhallarbrautar, Steinhellu og Suðurlandsbrautar **655.000 kr./mán.** Míla gerir ráð fyrir að afhenda 100 Gb/s samböndin sem 1 x 100 Gb/s eða 10 x 10 Gb/s.



Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir endurskoðaða verðútreikninga Mílu ehf. á Hraðbrautarsamböndum. Stofngjald og mánaðarleg leiguverð skulu vera eftirfarandi:

- Stofngjald: 107.000 kr. á tengingu.
- 1 Gb/s Hraðbraut: 95.000 kr. á mánuði.
- 10 Gb/s Hraðbraut: 120.000 kr. á mánuði.
- 100 Gb/s Hraðbraut : 655.000 kr. á mánuði.

Framangreind verð eru án virðisaukaskatts.

Varðandi gildistöku hinna nýju verða gildir ákvæði 3. kafla viðmiðunartilboðs Mílu fyrir leigulínur þar sem fram kemur að Míla skuli tilkynna þjónustukaupanda um verðbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara. Í þessu tilviki telur PFS rétt að miða verðbreytingarnar við mánaðamót og taka hin nýju verð því ekki gildi fyrr en um næstu mánaðamót eftir að umræddur 60 daga frestur er liðinn.

Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal verða hluti af viðmiðunartilboði félagsins fyrir leigulínur.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 22. desember 2015

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Þórðarson

Viðauki – Álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)